

# Skagafjarðarveitur ehf.

## Fundur 142 – 07. 02. 2011

Mánudaginn 7. febrúar árið 2011, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Jón Magnússon og Úlfar Sveinsson, Páll Pálsson veitustjóri, Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

### DAGSKRÁ:

1. Hitaveituframkvæmdir í Sæmundarhlíð.
2. Þjónustusamningur við GS. - viðauki.
3. Aðalfundur Samorku 18. feb. nk.
4. Vorfundur á Akureyri í maí.
5. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. Farið yfir efnistilboð frá Set ehf. síðan 28.04.2009 að upphæð 158.157,88 eur án vsk. Samþykkt að ganga til samninga við Set ehf. á grundvelli tilboðsins.
2. Páll Pálsson veitustjóri kynnti viðauka við þjónustusamning við Gagnaveitu Skagafjarðar. Stjórnin samþykkir framlagðan samning miðað við 280.000.- á mánuði miðað við samningsverð.
3. Aðalfundur Samorku verður 18. febrúar 2011. Samþykkt að Páll Pálsson veitustjóri fari með atkvæði Skagafjarðarveitna ehf. á fundinum.
4. Vorfundur Samorku verður á Akureyri 26 og 27. maí 2011. Samþykkt að þeir stjórnarmenn sækji fundin sem sjái sér það fært, ásamt veitustjóra og verkstjóra.
5. Önnur mál. Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.00  
Árni Egilsson ritari (sign)

Einar Gíslason (sign)  
Jón Magnússon (sign)  
Úlfar Sveinsson (sign)  
Páll Pálsson veitustjóri (sign)